

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Bakkaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	4
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári	5
3 Ytra mat	7
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	17
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. .. Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	21
7 Foreldrasamvinna	22
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>)	23
9 Skipulagsdagar	25
10 Fylgigögn	25
10.1 Matsgögn	25
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	25

1 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta, virðing

2 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017 -2018 urðu breytingar, nýr leikskólastjóri tók við leikskólanum í október 2017 en þáverandi leikskólastjóri hafið þá verið fjarverandi vegan veikinda.

Í sumarlok var annar áfangi útisvæðisins á Bakkaborg kláraður. Segja má að á heildina litið séu bæði starfsfólk og börn ánægð með nýja garðinn okkar. Verkefni af þessari stærðargráðu eru þó aldrei alveg gallalaus, við fylgjumst vel með og höldum áfram að sníða af ágalla

Nokkarar mannabreytingar urði í leikskólanum þetta haustið. Í byrjun október kom nýr leikskólastjóri til starfa, Ágústa Amalía Friðriksdóttir. Haustið byrjaði í Bakkaborg með talsvert mikið af nýju starfsfólki, starfsmannahópurinn náði þó vel saman. Ákveðið var að skerpa á hópafyrirkomulagi inni á deildum, starfsfólk deilda skipti barnahópi á sinni deild niður í þrjá hópa. Með þessu var ætlunin að börnin fengju sem mest út úr hópastarfi og að starfsfólkið myndi nýtast börnunum sem best.

Aukna áherslu á samvinnu milli deilda með það að markmiði að reyna að jafna álag á deildum og nýta mannauðinn. Farið var í að endurnýja ýmsan efnivið svo sem eins og kubba, ljósaborð, bækur og annað leikefni. Fram til mars 2018 var leikskólinn opinn til klukkan 16:30 eftir það gátum við mannað leikskólann til klukkan 17:00 líkt og Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir.

Leikskólinn Bakkaborg hófum þátttöku í tilraunarverkefni Reykjavíkurboragar 1. apríl um styttingu vinnuvikunnar niður í 37 stundir. Verkefnið mæltist vel fyrir meðal starfsmanna, við bindum miklar vonir við þetta verkefni, bæði vonum við að það verði til þess að draga úr skammtímaveikindum og „skreppum“ hjá starfsfólki

Leikskólastarfið gekk vel og voru mörg skemmtileg verkefni unnin. Má þar nefna árgangaheimsóknir þriggja elstu árgangana, þátttaka elstu barnanna í opnum Barnamenningarhátíðar, sumarskóli elstu barna og fjöldi skemmtilegra verkefna.

3 Um innra mat í leikskólum

Innramat má bæta og eitt af því sem við höfum bætt við er skráning í daglegu starfi og þá notum við Book Creator. Við þurfum að meta starfið jafnar og oftast þannig það sé skráð jafnóðum t.d. þegar við erum með viðburði.

Börn hafa komið að mati með því að spyrja hvað þeim finnst skemmtilegast að gera og hvað þau vilja gera í hópastarfi. Það sem er áberandi hjá þeim í vali eru leikir sem tengjast grófhreyfingum og

listsköpun. Einnig taka þau þátt í að velja hvaða lög eru sungin og elstu börnin velja hvaða bækur er lestnar. Þau velja hvaða leikir eru í samveru ofl. Börnin hér á Bakkaborg taka mikinn þátt í skipulögðu starfi.

Starfsfólk og börn hittust og fóru yfir viðburði þar sem vor á árinu og komu með athugasemdir með hvað mætti bæta og hvað gekk vel.

3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Skessubóli um starfið á síðasta ári

Á Skessubóli byrjuðu 26 börn en útskrifast 24 börn. Starfsfólk er 5-6 og er stuðningur þar inní. Starfið á Skessubóli hefur gengið vel þetta árið. Í byrjun haustsins var aðeins rót á starfsfólki sem olli smá upplausn en sem betur fer þá truflaði það ekki faglegt starf á deildinni. Einnig var deildarstjórinn í fjarnámi í leikskólakennarafræðum sem gefur augaleið að hún var mikið frá vinnu á meðan náminu stóð. Starfsfólk deildarinnar á hrós skilið fyrir umburðarlyndi og skilning á þeirri fjarveru. Það var frábært hversu vel tókst hjá starfsfólkinu að halda starfi deildarinnar gangandi á meðan deildarstjórinn var fjarverandi. Þar sem nýr leikskólastjóri tók við leikskólanum þá urðu breytingar á skipulagi skólans og deildarinnar.

Við vorum búin að skipta deildinni í tvo hópa en þar sem leikskólastjórinn vildi 3ja hópa kerfi þá stokkuðum við upp hópana. Það gekk ekki eins vel vegna fjarveru deildarstjórans þar sem börnin voru viðkvæm fyrir mannabreytingum og það olli upplausn og óöryggi. Því fórum við til baka í fyrra horf og gekk það mjög vel eins og fyrir breytingar og börnin urðu mun öruggari. Við fórum með börnin 1x í viku í íþróttir hjá ÍR í Breiðholtsskóla og gekk það mjög vel.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð í tengslum við verkefni hjá Tónskóla Sigursveins. Það verkefni gekk mjög vel og höfðu bæði börn og starfsfólk gaman af. Verkefninu lauk á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu þar sem börn, kennarar, foreldrar, forráðamenn, systkini og ættingjar nutu söngsins.

Börnin á Skessubóli fengu tækifæri til að hafa áhrif á starfið með einum eða öðrum hætti bæði innann veggja skólans sem og fyrir utan. Þeim gafst tækifæri til að velja hvað væri í matinn, umsjónarmaður dagsins hafði val um leik og söng dagsins. Þá fengu börnin frjálsar hendur með verkefni sem þau vildu framkvæma. Fyrir útskrift þá bjuggu börnin til skuggaleikhús þar sem hvert barn valdi sér húsdýr sem þau bjuggu til sögu í litlum hópum.

3.1.1 Innra mat Skessubóls

- Helstu styrkleikar starfsfólks Skessubóls eru góð samvinna, léttleiki, gleði, tillitsemi, virðing, umburðarlyndi og vinátta. Helstu veikleikar starfsfólks Skessubóls eru þeir að við ætlum að gera mikið en verður stundum minna úr verki. Helstu styrkleikar barnahópsins eru gleði, vinátta, virðing, hjálpsemi, greiðvirkni, kurteisi og umburðalyndi. Helstu veikleikar í barnahópnum eru tengdir tungumálakunnáttu. Þar sem barnahópurinn er fjölbreyttur og mörg tungumál töluð þá reynist oft á tíðum erfitt að fá börnin til að tala sama tungumálið þannig að öll börnin skilji hvort annað.
- Þar sem ekki var gerð sérstök greinargerð né innra mat frá deildinni á síðasta ári þá rennum við blint í sjóinn með þetta í ár. En þeir þættir sem snúa að daglegu starfi deildarinnar þetta árið og hefur verið metið fylgir með hér að neðan.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Æfingar fyrir Barna- Menningar -hátíð	Að börnin læri söngva fyrir Bjálarna- menningarhátíð.	Fjalla um innihald textana, æfa markvissar.	Um leið og við fáum textana í hend- urnar og lýkur þegar tónleikar eru búnir.	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Upptökur, sjónrænar- myndir /listaverk.	Að börnin geti tekið þátt og njóti þess að syngja.
ÍR íþróttir	Að börnin nái þeirri færni í íþróttum sem til er ætlast til að geta tekið þátt í íþróttum þegar komið er í grunnskólann.	Vera með skipulagt hvað á að gera í hverjum íþróttatíma, þannig að farið sé í allar	Að hausti/ lýkur að vori.	Deildarstjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráningar á blaði, myndbands- upptökur.	Að börnin öðlist fjölbreytta færni í misjöfnum aðstæðum.

		grunn- hreyfipætti.				
Hópastarf	Að börnin öðlist og upplifi nýja reynslu og geti byggt ofan á fyrri þekkingu á sem fjölbreytan hátt.	Vera með skipulag þar sem farið er inná alla grunnþætti menntunar, þar sem fjölbreytni í leiðum og viðfangsefnum er valið.	Að hausti/ lýkur að vori.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Matsblað, þar sem farið er yfir hvort það sem ákveðið var að gera, hafi verið gert og hvernig það hafi gengið.	Börnin ná að byggja ofan á fyrri reynslu með fjölbreyttum leiðum og með fjölbreyttum efnivið. Að öll börn fái verkefni við getu og hæfni, þar sem þau geta látið ljós sitt skína.
Útivera	Að börn fái notið útiveru á fjölbreyttum stöðum, þar sem börnin fá tækifæri til að reyna á líkamsparta sína eins og þau hafa getu til.	Fara út að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem börnin hafa val um hvað þau vilja gera og hvernig.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Myndbands- upptökur, matsblað.	Börnin fái notið sín í í frjálsum leik og upplifi margbreytilegt veðurfar.
Val	Að börnin hafa það leikefni sem þau vilja leika sér með.	Hafa fjölbreyttara leikefni í boði	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Matsblöð og skráningar- blað.	Að öll börn hafi leikefni sem fangar athygli þeirra og veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athugana.
Samveru- stundir	Að börnin fái fjölbreytar samverustundir.	Nota söng, lestur, leiki, málörvun (rím, samsett orð, atkvæði ofl.)	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga- blöð.	Að öll börnin njóti þess að vera í samverustundum þar sem fjölbreytni ræður ríkjum.
Hvíld	Að börnin ná að slaka á og fái stund til að hvíla sig á amstri dagsins.	Nota lestur og hlusta á sögur í tækjum.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga- blöð.	Að börnin geti slakað á og njóti þess að vera í rólegheitum.

Vettvangs-ferðir	Að börnin njóti þess að vera í hóp og skoða umhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða.	Fara í strætó- og gönguferðir.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð	Að börnin læri að þekkja nærumhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða.
Sögu-grunnur	Að börnin fái æfingu í að búa til sögu og koma fram fyrir hópi barna.	Nota sögugrunninn sem og önnur tæki til að þjálfa barnið.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð, upptökur og skrifa sögurnar þeirra niður.	Að sjá hvernig sögur og frásagnir barnanna þróast.
Stig af stigi	Að börnin fái tækifæri til að upplifa sínar eigin tilfinningar og annara og geta sett sig í spor.	Að nota stig af stigi markvissara og í öllum aðstæðum í daglegu starfi.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Taka myndir og teikna, nota matsblöð.	Að börnin nái að tengja saman orð og tilfinningu á eigin skinni.

3.2 Greinargerð deildarstjóra Trölladyngju um starfið á síðasta ári

Breytingar voru gerðar á Trölladyngju í janúar 2018 en þá tók nýr deildastjóri tók við deildinni. Það var byrjað á því að endurskipuleggja starfið og tókust þær breytingar mjög vel og starfsfólk almennt ánægt með breytingarnar.

Á Trölladyngju voru 26 börn og 5 starfsmenn með stuðningi. Starfandi á deildinni er deildarstjóri í 100% starfi (viðskiptafræðingur), leikskólakennari í 100% starfi og 2 leiðbeinendur annar í 100% stöðu og hinn í 90 % stöðu, stuðningur er í 100% stöðu og er nemi í Sálfræði í Háskóla Íslands. Barnahópur á deildinni er fjölmennur og þungur, en með góðu skipulagi og góðri samvinnu gengur samstarfið vel. Við höfum markvist verið að vinna með Lubba, unnið hefur verið mikið með numicon og sögugrunn að einhverju leiti. Við höfum lagt mikla áherslu á að styrkja börnin sem einstaklinga og taka ábyrgð í daglegu lífi. Börnin þjóna ýmsum hlutverkum innan deildarinnar þar sem þau taka ábyrgð á verkefnum, t.d. erum við með bókavörð- og garðyrkjufraðing vikunnar, ræstitækna í fataklefa og fleira. Börnin taka þessum hlutverkum á jákvæðan og ábyrgan hátt og sinna því í viku í senn. Börnin máttu velja einu sinni í mánuði hvað væri í matinn, þeim fannst það mjög skemmtilegt og komu þau með hugmyndir sem síðan var kosið um. Innleidd var tímalína sem var samsvarandi að mestu leiti yfir leikskólann allann, tímalínan er gott verkfæri til að hafa starfið markvissara.

3.2.1 Innra mat Trölladyngju

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Starfsfólk	Starfsmenn þekkja starf deildarinnar.	Hafa fastann starfskjarna á deild.	Allt árið	Stjórnendur	Könnun	Mælikvarði, hvernig gengur starf innan deildar.

Hópastarf	Unnið markvisst af fagmennsku að áherslupáttum.	Unnið sé eftir tímalínunni og henni sé fylgt eftir.	Haust - Vor	Deildarstjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarði, hvaða þætti var farið inn á.
Vettvangs-ferðir	Öll börn fá að kynnast nærumhverfi sýnu og upplifa náttúruna okkar.	Hver hópur fari 1 sinni í viku í vettvangsferð.	Haust - Vor	Deildarstjóri og hópstjórar	könnun	Mælikvarði
Lubbi	Unnið sé með Lubba markvisst og meira gegnum leik (lærum og leikum).	Lubbi sé partur af daglegu starfi (hópastarfi og samveru). Eftirfylgni – tímalína.	Haust - Vor	Deildarsjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarði
Stig af stigi	Unnið sé með stig af stigi markvisst og meira í gegnum leik (Lærum og leikum).	Stig af stigi sé partur af hópastarfi.	Haust - Vor	Deildarstjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarði
Sögu-grunnur	Unnið sé með Sögugrunninn markvisst. Börnin efli sjálfið og ímyndunaraflíð.	Sögugrunnur sé partur af hópastarfi	Haust - vor	Deildarstjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarði
Numicon	Stærðfræði sé partur af leik barnanna.	Numicon sé efniviður sem unnið er með í hópastarfi og daglegu lífi. (Leikum og lærum).	Haust - vor	Deildarstjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarð
Hvöld	Öll börn fá tíma til að slaka á og ná hvöld yfir daginn. Hlustað er á sögu eða bók lesin.	Í vikuplani, föst rúttína.	árið	Deildarstjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarði

Lestur	Lesið sé ein bók á dag og orð tekinn fyrir og lögð inn.	Lestur sé partur af hópstarfi.	Allt árið	Deildarstjóri og hópstjórar	Könnun	Mælikvarði
--------	---	--------------------------------	-----------	-----------------------------	--------	------------

3.3 Greinargerð deildarstjóra Dvergasteins um starfið á síðasta ári

Á þessu skólaári (2017-2018) byrjuðu hjá okkur 10 ný börn þar af 6 af erlendum uppruna. Í heildina hafa verið 21 barn á Dvergasteini. Til gamans má geta þess að börnin á Dvergasteini eru frá 9 mismunandi löndum. Starfsmenn deildarinnar hafa verið fjórir, það er grunnskólakennari, leikskólaliði, tveir leiðbeinendur auk þroskafjálfa sem sinnir stuðningi. Starfið hefur gengið vel, starfsfólk hefur ætíð unnið vel saman og deildarstarf verið vel skipulagt.

Í byrjun hausts unnum við með 4 hópa í hópastarf og borðuðum á 4 borðum en eftir að nýr leikskólastjóri tók við urðu breytingar, hóparnir urðu þrír og borðin þrjú. Þessar breytingar gengu ótrúlega vel. Hver hópstjóri hefur sinnt sínum hópi, við byrjum alltaf hópastarfið á því að leiðast og segja þessa setningu: „Góðan dag og velkomin í hópastarf, við erum vinir og það er gott að vera saman“. Síðan notum við táknið okkar og kynnum okkur til að viðhalda táknum með tali. Við notum ekki einungis tákn fyrir nöfnin heldur lærum við ný og ný tákn hverju sinni. Þetta er mjög mikilvægt sérstaklega þar sem eitt barn deildarinnar tjáir sig með táknum og hefur orðaforði þess barns aukist til muna. Við notumst við upphaf og endi við hópastarfið til að gera það skýrt fyrir börnin. Hópstjórar vinna samkvæmt tímalínu þar sem tekin eru fyrir stafur-, orð-, ták-, lag-, þula- og leikur vikunnar. Hefur þetta skapað öryggi hjá hópstjórum, að ganga að þessu vísu. Einnig vinnum við með þarfahringinn en hann tengist uppeldis stefnunni Uppeldi til ábyrgðar sem er að finna á tímalínunni og tengja hópstjórar þarfirnar inn í allt starfið. Einu sinni í viku vinnur hver hópur með Stig af stigi og hefur það gengið mjög vel. Við tengjum þá tilfinningu sem tekin er fyrir hverju sinni starfinu okkar inni og úti og börnin í elsta hóp leika sýnidæmi fyrir jafnaldra sína.

Hóparnir skiptast á að vinna eftir grunnþáttum menntunar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá degi til dags sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun.

Dagskipulag Dvergasteins:

Frjáls leikur og morgunmatur

Veðurfræðingur (farið yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið er, hvernig við klæðum okkur og veðurfræðingur velur einnig óskalög. Hann leggur einnig á borð og sækir matinn)

Hópastarf (inni og úti)

Samvera (bók vikunnar, loðtöflusögur, Lubbastund)

Matur (börnin fengu einu sinni að velja hvað væri í matinn)

Hvöld (sofandi inni á Álfhóli og vakandi inni á Dvergasteini)

Útivera/leikur inni

Samvera (sögustund, lestur, Lubbastund og söngur)

Drekkutími

Frjáls leikur inni og úti.

Starfsfólk Dvergasteins hefur passað upp á að fylgjast með sérstökum dögum sem finna má í leikskóladagatali og umræðu þjóðfélagsins og vinna verkefni tengd þeim dögum. Þetta eru dagar eins og 112 dagurinn, umhverfisdagurinn, dagur íslenskrar tungu, dagur náttúrunnar, dagur gegn einelti, bóndadagur, konudagur og litadagar svo eitthvað sé nefnt. Á bóndadegi koma feður og afar eða aðrir ættingjar barnanna í kaffi til okkar og fá súrmat. Á konudegi koma mæður og ömmur eða aðrir ættingjar sem komast í kaffi til okkar. Þetta hefur gengið vel og vakið mikla gleði meðal barnanna. Fyrir þessa daga vinnum við ýmis verkefni og fönndrum og skreytum deildina okkar.

Undanfarin ár hefur mikið samstarf verið á milli leikskólanna í Bakkahverfi með þar til gerðum heimsóknum en í vetur dattu tvær heimsóknir upp fyrir.

3.3.1 Innramat Dvergasteins

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikfimi	Að börnin ná aukinni færni í grófhreyfingum	Vera með skipulagt hvað á að gera í	Að hausti/	Deildarstjóri ásamt öðru	Skráningar á hópastarfs- blaði,	Að börnin öðlist fjölbreytta færni í

	og kynnist fjölbreyttum æfingum sem styrkja þau líkamlega.	hverjum íþróttatíma, þannig að farið sé í alla grunnhreyfipætti.	lýkur um sumarfrí.	starfsfólki deildarinnar.	myndbands-upptökur.	misjöfnum aðstæðum.
Hópastarf	Að börnin öðlist og upplifi nýja reynslu og geti byggt ofan á fyrri þekkingu á sem fjölbreytasta hátt.	Vera með skipulag þar sem farið er inná alla grunnþætti menntunar, þar sem fjölbreytni í leiðum og viðfangsefnum er valið.	Að hausti/ lýkur um sumarfrí.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Matsblað, þar sem farið er yfir hvort það sem ákveðið var að gera, hafi verið gert og hvernig það hafi gengið.	Börnin náí að byggja ofan á fyrri reynslu með fjölbreyttum leiðum og með fjölbreyttum efnivið. Að öll börn fái verkefni við getu og hæfni, þar sem þau geta látið ljós sitt skína.
Útivera	Að börn fái notið útiveru á fjölbreyttum stöðum, þar sem börnin fá tækifæri til að reyna á líkamsparta sína eins og þau hafa getu til.	Fara út að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem börnin hafa val um hvað þau vilja gera og hvernig.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Myndbands-upptökur, matsblað.	Börnin fái notið sín í í frjálsum leik og upplifi margbreytilegt veðurfar.
Val	Að börnin hafa það leikefni sem þau vilja leika með.	Hafa fjölbreyttara leikefni í boði	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Matsblöð og skráningarblað.	Að öll börn hafi leikefni sem fangar athygli þeirra og veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athugana.

Samveru- stundir	Að börnin fái fjölbreytar samverustundir.	Nota söng, lestur, sögur, loðtöflusögur, leiki og annars konar málörvun (rím, samsett orð, atkvæði ofl.)	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að öll börnin njóti þess að vera í samverustundum þar sem fjölbreytni ræður ríkjum.
Hvíld	Að börnin náí að slaka á og fái stund til að hvíla sig á amstri dagsins.	Nota lestur og hlusta á sögur í tækjum.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að börnin geti slakað á og notið þess að vera í rólegheitum.
Vettvangs-ferðir	Að börnin njóti þess að vera í hóp, leiði féлага og skoði umhverfi sitt, hvað það hefur uppá að bjóða.	Fara í strætó- og gönguferðir.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð	Að börnin læri að þekkja nærumhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða.
Loðtöflu- sögur og sögu- grunnur	Að börnin fái æfingu í að búa til sögu og koma fram fyrir hópi barna.	Nota sögugrunninn sem og önnur tæki til að þjálf barnið.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð, upptökur og skrifa sögurnar þeirra niður.	Að sjá hvernig sögur og frásagnir barnanna þróast.

3.4 Greinargerð deildarstjóra Bakka um starfið á síðasta ári 2017-2018

Í ágúst byrjuðu 15 börn sem eru fædd í janúar- júní 2016 í desember bættust 3 börn í hópinn, eitt fædd í janúar, júlí og október 2016, þá voru börnin orðin 18. Ákveðið var að fækka þeim í 16 og fóru þá 2 börn á miðdeild. Á Bakka eru 6 börn af erlendum uppruna þar sem báðir foreldrar eru erlendir og 10 börn sem eiga íslenska foreldra. Á deildinni er eitt barn með ofnæmi og annað sem borðar ekki dýraafurðir (foreldrar koma með mat að heiman þegar við á).

Mikil velta hefur verið á starfsmönnum, í lok tímabils var einn starfsmaður af þeim sem hóf tímabilið með börnunum.

Starfsmenn á deildinni hafa verið 4-5 til að dekkja stöðugildi deildarinnar.

Í apríl byrjuðum við að taka þátt í þróunarverkefni að vinna skerta vinnuviku það er að þeir sem vinna 100% fái þrjá tíma á viku í skerðingu og síðan fer það eftir vinnuhlutfalli hvað hver starfsmaður á rétt á, mikil ánægja er með þróunarverkefnið.

Starfið með börnunum er skipulagt miða við 4 fjögrabarna hópa. Hóparnir skiptast á rými þar sem mismunandi verkefni eru í boði: könnunarleikur, listasmiðja, Lubbastund/spil og hlutverkaleikur/hreyfistund, hver hópur á sinn dag í hverju rými. Í lok janúar fórum við að vinna eftir „tímalínu“ í henni er stafur-, orð-, tákn-, þula-, lag- og leikur vikunnar, það var gott að vinna eftir „tímalínunni“ og er hún byggð upp eins fyrir allt húsið, við byrjuðum með staf vikunnar í janúar. Til að auðvelda starfsfólki að vinna eftir „tímalínunni“ útbjó deildastjóri spjöld með textum og útskýringum af leikjum og tákni. Þegar voraði breyttum við skipulaginu og fóru því tveir hópar út strax um kl 9:00 og hinir tveir um kl 10:00

Börnunum er skipt í tvo hópa í samverustundum á meðan eru tveir starfsmenn sem skipta um bleyjur, bjóða börnunum að setjast á klósettið, leggja á borð og ná í mat í eldhúsinu í aðalhúsinu. Bakki er deild sem ekki er innangengt í eldhúsið því þarf að fara út að sækja matinn og önnur aðföng frá aðalhúsinu.

3.5 Greinargerð deildarstjóra Álfhóli um starfið á síðasta ári 2017-2018

Miklar breytingar urðu á Álfhóli þetta árið nýr deildastjóri tók við deildastjórarstöðu eftir sumarfrí. Fyrsta verkefnið var að koma betra skipulagi á deildina og það gekk vel. Á þessu skólaári voru 20 börn á fædd 2013 og 2014 og þrír starfsmenn í 100% stöðu.

Fjórði starfsmaðurinn (leiðbeinandi) kom inn er líða tók á haustið. Breytingar urðu á

deildarskipulaginu þegar nýr leikskólastjóri tók við og lögð var áhersla á aukna samvinnu milli deilda sem unnið var að. Unnið var með þrjá hópa á deildinni og lögðum við áherslu á að börnin lærðu að sitja í samveru, klæða sig í og úr útifötum og sjálfshjálpi. Við unnum með Lubbi finnur málbein, æfðum okkur að telja og lærðum nöfnin á fingrunum á okkur svo eitthvað sé nefnt. Deildarstjórinn fór í veikindafríi vegna slys frá október og var fram yfir áramót. En þá urðu mannabreytingar enn á ný á deildinni. Nýr deildarstjóri (leikskólakennari) tók við, leiðbeinandi fór í fæðingarorlof og nýr leiðbeinandi kom inn í staðinn. Við þessar breytingar fór deildin í enn meiri samvinnu með deildinni við hliðina. Sofandi hvíldin var sameinuð þar sem fá börn sváfu í þessum tíma og starfsfólk nýttist því betur.

3.6 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Hér þurfa að koma fram helstu áherslur í sérkennslu/stuðningi út frá stefnu leikskólans og hvaða verkferlum er fylgt.

- Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?

Í leikskólanum Bakkaborg er tvö börn í 1. flokk og þrjú börn í 2. flokk.

41% barna í Bakkaborg eru af erlendum uppruna og flest þeirra þurfa markvissa málörvun. 10 börn þurftu íhlutun vegna hegðunarfrávika í styttri og lengri tíma síðasta vetur.

Sérkennsluteymi Bakkaborgar samanstendur af:

Sérkennslustjóri 100% staða

Sérkennslustjóri 50% staða (frá 1. febrúar 2018)

Stuðningur, leikskólakennari 50%

Stuðningur, BA í sálfræði 100%

Stuðningur, leiðbeinandi 50%

Stuðningur, nemi í sálfræði 50%

Stuðningur, þroskaþjálfari 100%

- Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.

Snemmtæk íhlutun í Bakkaborg felur í sér að við viljum byrja strax að vinna með börnum sem við sjáum að fylgja ekki jafnöldrum sínum í þroska. Við veitum þeim markvissan stuðning. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er notuð til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir að verða í erfiðleikum með lestrarnámið í grunnskólanum. Þetta próf er lagt fyrir að hausti og ef barn greinist þar undir meðalfærni viljum við veita því strax markvissa málörvun í samráði við foreldra.

EFI prófið er lagt fyrir öll 3 ára börn í leikskólanum sem skimun á málþroskavanda. Ef að börn koma slök úr EFI þá fer af stað markviss málörvun í litlum hópum.

- Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?

Gerð einstaklingsnámskrá er á ábyrgð sérkennslustjóra og deildarstjóra. Notast er við APES listann og unnið er úr honum, sett eru niður markmið sem unnið er með. Listinn er lagður aftur fyrir, eftir 6 mánuði. Tveir starfsmenn á leikskólanum eru með réttindi til að leggja fyrir APES og setjast þeir niður með starfsmanni/stuðningi og fylla út listann.

- Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.

Við höfum lagt okkur fram að eiga gott foreldrastarf og hafa foreldrar leitað til okkar eftir ráðgjöf. Félagshæfnisögur og umbunarkerfi hafa verið gerð til að takast á við hegðunarvanda heima, enda teljum við mikilvægt að vinna einnig með hegðunarfrávik heima ef foreldrar leitast eftir slíkri aðstoð. Við hvetjum foreldra af erlendum uppruna að tala móðurmálið við barnið og lesa fyrir það. Við aðstoðum foreldra sem þess þurfa eða óska að sækja um í talþjálfun og / eða iðjuþjálfun. Reglulegir teymisfundir eru með þeim börnum sem að njóta stuðnings.

- Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir

Gott samstarf er við sérkennsluráðgjafa og koma þeir reglulega í heimsókn til að fylgjast með þeim börnum eru með sérkennslutíma auk þess sem þeir sitja alla teymisfundi. Samráðsfundir eru 2 sinnum á ári og þá mætir sálfræðingur þjónustumiðstöðvar Breiðholts ásamt sérkennsluráðgjafa.

- Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.

Gott samstarf er á milli starfsfólks og sérkennslustjóra. Starfsfólk leitar til sérkennslustjóra með ýmis mállefni er varða hegðunarfrávik, hópastarf og þjálfun barna sem njóta sérkennslu og ráðgjöf um námsefni sem notað er inn á deildum. Sérkennslustjóri situr alla deildarstjórafundum og situr deildarfundum sé þess óskað.

Sérkennslustjóri var með kynningu um málörvun á skipulagsdegi leikskólans.

3.7 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Febrúar 2018 var bætt við 50% viðbótar sérkennslustjórastöðu. Sú staða hefur meðal annars verið notuð í að sinna málörvun í ákveðnum málörvunarhópum inni á deild. Skipt var í hópana eftir deildum og innan hverrar deildar hafa verið fimm til þrjú börn í hverjum hópi. Markmið málörvunarhópana er að leggja áherslu á almenna málörvun, auka orðaforða, æfa frásögn, æfa setningaskipan, hlustun og fara eftir fyrirmælum. Í hópunum eru börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og þau börn sem að hafa þurft á frekari málörvun að halda samkvæmt niðurstöðum skimana. Hver hópur er að jafnaði í 30 til 40 mínútur í senn.
- Staðan hefur einnig tekið til þess að sjá um að koma skipulagi á námsgögn skólans og þá einkum það sem snýr að námsgögnum sérkennslunnar. En öll námsgögn leikskólans eiga jafnt erindi fyrir öll börn hvort sem börnin njóta sérkennslu eða ekki og því var mikilvægt að gera þau sýnileg og aðgengileg fyrir starfsmenn þannig að allir geti fengið að njóta. Sérkennslustjórastaðan tekur einnig til þess að veita starfsmönnum stuðning og faglega ráðgjöf, sitja teymisfundum og öll önnur verk sem að heyra undir sérkennslustjóra.

3.7.1 Innrammat sérkennslustjóra

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að
Móttaka barna af erlendum uppruna.	Að útbúin verði nákvæm móttökuáætlun barna af erlendum uppruna.	Að foreldrar barna af erlendum uppruna fái sinn tengilið	Hófst vor 2018 og verður fullbúin 15. ágúst 2018	Sérkennslustjóri ásamt leikskólastjóra	Leggja stutta könnun fyrir foreldra barna af erlendum	Niðurstaða kannana og úr foreldra-viðtölum og

		innan leikskólans.			uppruna og í foreldra-viðtölum. Umræða innan leikskólans á fagfundum.	umræða á fagfundum.
Nota námsefnið „Tölum saman“ með öllum elstu börnum af erlendum uppruna.	Að öll börn af erlendum uppruna fari í gegnum sama málörvunarferlið og hægt sé með markvissum hætti að fylgjast með þróun máltöku þeirra á íslensku	Elstu börnunum er skipt í litla málörvunar-hópa og námsefnið lagt fyrir jafnt og þétt yfir veturinn.	September - apríl	Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum á elstu deild.	Skráning á stöðu barnanna eftir hvern tíma.	Skráning á stöðu barnanna eftir hvern mánuð. (skráningar-listi fylgir námsefninu)
Auka enn frekar samstarf milli sérkennslustjóra og deildarstjóra	Að deildarstjórar og sérkennslustjóri vinni náið saman varðandi þau börn sem njóta sérkennslu og íhlutunar í leikskólanum.	Deildarstjórar fylla út eyðublað „Ósk um athugun á barni“	Maí 2018 – maí 2019	Deildarstjórar fylla út blaðið og sérkennslustjóri kannar og sendir málið áfram ef þurfa þykir.	Almennt endurmat á deildarstjóra fundum	Með því að sjá skilvirkni eyðublaða sem deildarstjórar skila til sérkennslustjóra.
Auka upplýsinga-flæði á milli sérkennslustjóra, deildarstjóra og leikskólastjórnenda	Að það sé ljóst hvaða fundi og hvaða aðkomu sérkennslustjóri hefur og situr með leikskólastjóra og/eða deildarstjóra. T.d. er varða börn sem eru af erlendum uppruna, þurfa sérkennslu og/eða þar sem barnaverndarmál er í gangi. Boðskiptaleiðir þurfa að vera skýrar.	Skýrt verkferli sé varðandi þau börn sem sérkennslustjóri hefur aðkomu að. Fyrir hvaða börn sérkennslustjóri er tengiliður?	Maí 2018 – maí 2019	Upplýsingar skráðar eftir fundi og sett inn í möppu sem er í vörslu sérkennslustjóra	Endurmat að maí 2018	Hvort unnið sé samkvæmt gerðum verkferlum og allt upplýsingarflæði hefur batnað.

3.8 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

- Bakkaborg starfar í fjölmennningarlegu samfélagi og hefur verið að þróa vinnu með börnum og foreldrum af erlendum uppruna og er stoltur fjölmenningleiksskóli. Börnin í leikskólanum eru 104 og af þeim eru 43 af erlendum uppruna eða frá 16 þjóðlöndum Starfsmannahópurinn er af ólíkum uppruna eins og barnahópurinn. Alls eru 13 starfsmenn af 30 af erlendum uppruna og frá 7 þjóðlöndum.
- Við erum dugleg að nota túlkapjónustu og höfum starfsmenn sem tala pólsku, rússnesku, slóvakísku, tagalog, tékknesku, úkraínsku, albönsku, þýsku og ensku. Þetta hefur auðveldað foreldrasamskipti, minnkað líkur á misskilningi og auðveldað upplýsingagjöf til foreldra. Annars reynum við ávallt að taka eins á móti öllum börnum og gerum allt til að eiga óþvinguð og eðlileg samskipti við alla foreldra. Það veitir börnunum einnig mikið öryggi að geta leitað til starfsmanna sem að tala þeirra eigið tungumál.
- Tengiliðir fjölmenningar í leikskólanum er leikskólastjóri og sérkennslustjóri. Nicole Leigh Mosty hefur verið ráðin til að sinna ráðgjöf til leikskólans og þar á meðal að styðja leikskólann í móttöku og kennslu barna af erlendum uppruna.
- Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Læsi – allra mál, sem flestir leik- og grunnskólar í Breiðholti taka þátt í og stýrt er af Þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmið verkefnisins er að efla læsi og málskilning barna í skólum hverfisins. Unnið var með Lubba, Sögugrunninn, Stig af stigi, Orðahljóð, bók vikunnar o.fl. Þetta var gert á flestum deildum en mismikið. Á komandi starfsári er stefnan á leggja mun meiri áherslu á markvissan lestur en var gert á síðasta starfsári.
- Á árinu hafa sérkennslustjórar verið að taka þau börn af erlendum uppruna er þurfa markvissa málörvun í fámenna, getumiðaða hópa, hvern hóp 2- 3 sinnum í viku. Þar er markmiðið að auka orðaforðann með lestri, sögum, umræðum og spilum svo eitthvað sé nefnt. Skráð er eftir hvern tíma hvernig gekk. Aðal áherslurnar í þessum stundum hafa verið á hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málsskilning og tjáningu.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- *Leikskólastjóri sá um að taka starfsþróunarsamtöl í mars. Búið var að dreifa ákveðnum spurningum til starfsfólks þar sem farið var yfir spurningarnar og það sem leikskólastjórinn var sjálf búin að setja niðrá blað um starfsmennina. Viðtölin voru tekin inná skrifstofu og var áætlaður tími í hvert viðtal um klst. en svo var það auðvitað misjafnt hversu langann tíma hver og einn þurfti.*

- Starfsfólk leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. TRAS, Hljóm – 2, Leikur að læra, AEPS, Atferlisþjálfunarnámskeið, vinnustofa vegna tvítýngis, Hljóm vinnustofa. Þá fór leikskólakennara á námskeið í Póllandi í tengslum við Maria Montessori. Á starfsdögum vorum við með kynningu á Book Creator, móttöku erlendra barna, work shop,
- Áætlað er að halda námskeið í Uppeldi til ábyrgðar á haustdögum 2018.
- Flest allir starfsmenn leikskólans fóru í námsferð til Brighton á vordögum. Farið var 9. maí og komið heim 13. maí 2018. Þar fórum við Numicon og útikennslu.

5 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti. Gengið er út frá því að hafa allavegana eitt foreldri frá hverri deild, fleiri ef áhugasamir foreldrar bjóða sig fram. Þetta árið voru sjö foreldrar í foreldraráði. Þennan vetur var talsverð samvinna milli foreldraráðs og foreldrafélags. Tveir sameiginlegir fundir voru haldnir með foreldafélagi og foreldraráði. Á fundunum var meðal annars rætt um framkvæmd tiltekardags sem haldin var í maí. Fundirnir voru haldnir að kvöldi til í leikskólanum.
- Foreldrafundur var haldinn í hátíðarsal Breiðholtsskóla 27. september 2017 klukkan 20:00. Áður en foreldrafundurinn var haldinn var gerð könnun hversu margir foreldrar þyrftu á túlki að halda og á hvaða tungumáli. Fráfarandi leikskólastjóri fór yfir síðasta ár og skipulag leikskólans. Deildarstjórar héldu kynningu á námsefni sem notuð eru í leikskólanum og sögðu frá starfi deildanna. Ný ráðinn leikskólastjóri kynnti sig og fór yfir hvað hún starfaði við. Í lok fundar var kosið í foreldraráð og foreldrafélga. Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).
- Foreldraviðtöl voru skipulögð einu sinni að vori og voru tekin af deildarstjórum. Deildarstjórar skipulögðu tíma sem voru í boði og gátu foreldrar skráð sig í þá og ef óskað var eftir öðrum tímum þá var fundin lausn á því. Flest allir foreldrar þáðu viðtal þar sem farið var yfir það sem tengdist barninu þeirra. Þar sem deildarstjórnir gátu ekki haft viðtölin á sama tíma þá hófust viðtölin í febrúar og þeim lauk í apríl.
- Foreldrafélag var kosið á foreldrafundi sem haldinn var í lok september. Gengið er út frá því að hafa allavegana eitt foreldri frá hverri deild Foreldrafélagið hefur staðið fyrir mörgum mjög skemmtilegum viðburðum eins og fjöruferð, leikritum og jólaballi með öllu tilheyrandi, 16. júní hátíð auk annarra viðburða eftir því sem passar.

6 Samstarf leik- og grunnskóla

- Ekki var skipulagt samstarf á milli leik- og grunnskóla í byrjun árs. Í apríl fóru deildarstjóri elstu deildarinnar og aðstoðarskólastjóri á fund með aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra yngsta stigs. Þar var vorskóli ársins skipulagður auk skólaheimsóknna. Áætlun vetrarins
- Samstarfsverkefni skólanna hafa ekki verið mörg þetta árið. Breiðholtsskóli hefur boðið elstu börnunum á söngstund, leikrit og þá komu nemendur 4 bekkjar og lásu fyrir börnin í leikskólanum í litlum hópum.
- Skipulag fyrir þetta og næsta skólaár er komið

Tími	Viðburður
Október	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni vikan 8. – 12. okt
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. ○ 4 deildar í Bakkaborg – 8 nemendur ○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur ○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur
Desember	Leikskólar og 1. bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla - Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal - Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1. bekk
Febrúar	Nemendur í 1. bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.
Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólastjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálp, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli 21. og 22. maí Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla 23. maí Leikskólabörn koma og skoða sundlaugina. Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla • Borg – 28. maí • Bakkaborg – 3. júní
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Stjórnendafundur – skipulag samstarfs

September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.
-----------	--

7 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar Bakkaborgar eru:

5. október 2018 (sameiginlegur með Borg)

23. nóvember 2018 (sameiginlegur með Borg og Breiðholtsskóla)

2. janúar 2019

7. febrúar 2019

22. mars 2019

3. maí 2019 (sameiginlegur með Borg og Breiðholtsskóla)

8 Fylgigögn

8.1 Matsgögn

8.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Foreldraráð Bakkaborgar hefur lesið yfir starfsáætlun 2017-2018. Að mati foreldraráðs nær starfsáætlunin ágætlega yfir það sem gert var í skólanum síðastliðinn vetur. Okkur þykir gott að sjá að þróun er í starfinu. Börnin fá að taka þátt í mótun og segja sitt álit, koma með og velja milli hugmynda.

Bakkaborg er hluti af fjölmennningarlegu samfélagi og því er mikilvægt að gott skipulagt starf sé fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Gott samstarf hefur verið milli leikskólanna í Bökkunum og hafa börnin haft gaman af og kynnst jafnöldrum sínum í hverfinu. Við fögnum því að efla eigi samstarf við Breiðholtsskóla næsta vetur og teljum þroskandi fyrir leikskólabörnin að kynnast skólaumhverfi sem þau flest fara í.

Áherslur fyrir næsta vetur eru góðar en frekar almennar. Við hefðum viljað kalla eftir ríkari áherslu á einhver ákveðin þemu eða verkefni, sem dæmi mætti nefna heilsueflandi Breiðholt, fjölmenningu í tengslum við Fjölmenningarhátíð, endurvinnslu eða annað í þessum dír.

Einnig mætti vera meiri áhersla á upplýsingaflæði til foreldra. Til dæmis að uppfæra vefinn reglulega og senda pósta með markvissari upplýsingum um starfið og hvað er á döfinni. Mætti jafnvel skoða að nota forrit eins og Mentor til að halda foreldrum upplýstum frá degi til dags. Einnig hefðu foreldrar gaman af því að sjá fleiri myndir úr starfinu.

Það er af hinu góða ef deildastjórar eða annað starfsfólk vill bæta við menntun sína. Það þarf hinsvegar að liggja skýrt fyrir frá stjórnendum hver sinnir starfi viðkomandi í fjarveru hans, halda foreldrum vel upplýstum o.s.frv. Þetta mundi auka öryggi barna og foreldra.

Við sem foreldrar upplifum jákvæðni og metnað frá starfsmönnum skólans í garð barnanna og starfsins sjálfs. Við erum ánægð með að starfsmenn Bakkaborgar séu þátttakendur í styttingu vinnuvikunnar. Við teljum það gott fyrir starfsfólkið og starfsandann án þess að það bitni á starfinu innan leikskólans. Vonumst við til að það haldi áfram.